

Ársskýrsla hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis 2007

Á síðastliðnu starfsári skipti hverfisnefnd Lunda- og Gerðahverfis þannig með sér verkum:

Formaður: Ingibjörg Baldursdóttir.

Varaformaður: Ingvar Þóroddsson.

Ritari: Sædís Gunnarsdóttir.

Gjaldkeri: Aðalbjörn Pálsson.

Meðstjórnandi: Bryndis Elva Valdemarsdóttir.

Varamenn: Aðalgeir Pálsson, Helgi Þorsteinsson, Hermann Haraldsson og Ólafur Jónsson.

Hverfisnefnd hóf starfsárið m.þ.a. huga að verkefnum sem væru í samræmi við verkefnalista sem aðalfundur 2006 samþykkti. Sá listi var unnin upp úr niðurstöðum íbúafundar í maí 2006 þar sem íbúar lögðu fram hugmyndir sínar og óskir varðandi hverfið. Það var af ýmsu að taka en hverfisnefndin reyndi að sníða sér stakk eftir vexti og velja fá afmörkuð verkefni enda er hverfisnefndin frjáls íbúasamtök og nefndarmenn þiggja ekki laun.

Þau atriði sem hverfisnefndin valdi að huga að voru umferðaröryggi í hverfinu, hverfishátíð og hreinsunaráttak íbúa

Varðandi umferðaröryggi í hverfinu ákváðum við að leita ráða hjá lögreglunni sem tók vel í þá beiðni og úr varð að hverfisnefnd efndi til fundar með forvarnarfulltrúa lögreglunnar, Þorsteini Péturssyni, og boðaði jafnframt fulltrúa foreldrafélaga Lundarskóla og leikskólanna í hverfinu til þessa fundar. Þorsteinn kom vel undirbúinn og með ýmsar athugasemdir varðandi fyrirkomulag umferðar í hverfinu og hafði hann þá til hliðsjónar athugasemdir íbúa frá íbúafundinum. Hann gaf okkur einnig hugmyndir að því hvernig nefnd eins og þessi gæti nálgast þetta viðfangsefni. Eitt af því sem hann nefndi var að koma upp s.k. hraðakassa á umferðarþyngstu götur hverfisins. Slíkir kassar mæla hraða bifreiða og birta hann á skjá en auk þess skrá þeir alla bílaumferð bæði fjölda og hraða. Þorsteinn segir rannsóknir sýna að í yfir 90% tilfella hægi bílstjórar á bifreiðum sínum þegar kassinn sýni of hraðan akstur og því sé hann mjög gott tæki til að minnka umferðarhraða. Hverfisnefndin ákvað því að reyna að safna fyrir slíkum kassa m.þ.a. finna kostunaraðila. Kassinn sem yrði festur á ljósastaur væri færanlegur og f.o.f. notaður í þessu hverfi. Leitað yrði samstarfs við Akureyrarbæ um reksur og umsjón hans.

Önnur hugmynd frá Þorsteini sem nefndin greip á lofti var að reyna að útvega vegleg endurskinsmerki t.d. vesti sem yrðu færð yngstu nemendum Lundarskóla að gjöf, þeim börnum sem eru að stíga sín fyrstu skref ein í umferðinni. Þetta verkefni var kynnt foreldrafélagi Lundarskóla og skólafyrirvöldum og leitað eftir samstarfi þessara aðila við verkefnið og voru undirtektir góðar.

Næsta skref var að leita tilboða og síðan að leita til fyrirtækja um fjárstyrki. Þeirri vinnu er ekki lokið enn og mun væntanlega halda áfram á næsta starfsári.

Varðandi umhverfishátíð og hreinsunardag í hverfinu ákvað nefndin að leita samstarfs við Lundarsdóla, foreldrafélag Lundarskóla, leikskólana í hverfinu og umhverfisdeild Akureyrarbæjar.

Boðað var til fundar með fulltrúum þessara aðila og ákveðið að slá saman hreinsunarátaki íbúa á almennum svæðum í hverfinu og hátíð við Lundarskóla sem halda skyldi á vordögum. Hátíðin var síðan haldin 2. júní undir kjörorðinu: Tökum til hendinni í grenndinni og var kynnt mjög vel með dreyfibréfi og litprentuðu korti af hverfinu í hvert hús. Íbúar voru hvattir til að týna rusl í hverfinu milli kl. 10 og 11 en hátíðahöldin hófust kl. 11. Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar lagði til ruslapoka og flutning á rusli. Einnig senu, hljóðkerfi og grillbúnað. Bekkjarfulltrúar, nemendur og foreldrar sáu um að skreyta lóð Lundarskóla og kennarar undirbjuggu og stjórnðu leikjum. Sigurður Heimir Guðjónsson nemandi í 8. bekk setti hátíðina með lúðrablastri og Helga Maggý, Nökkvi og Elísabet nemendur í 10. bekk spiluðu og sungu. Einnig sungu börn af Lundarseli og sönghópur eldri borgara flutti nokkur lög. Sigurður Ingimarsson steig síðastur á svið og söng ásamt börnum á svæðinu. Hátíðinni lauk síðan með brúðuleikhússýningu Bernds sem var í boði foreldrafélagsins. Boðið var upp á pylsur, safa og kaffi sem ýmis fyrirtæki í bænum lögðu til.

Hreinsunarátakið gekk mjög vel og margir ungir sem eldri tóku þátt í að týna rusl í hverfinu.

Þáttaka í hátíðinni var áætluð um 300 manns og var ákveðið að gera hana að árlegum viðburði. Þegar er búið að gera ráð fyrir henni á dagatali Lundarskóla fyrir þetta skólaár.

Hverfisnefndin hélt 10 almenna fundi á sarfsárinu. Auk þess bauð hverfisnefnd Lunda- og Gerðahverfis fulltrúum allra starfandi hverfisnefnda í bænum til samræðna í Lundarskóla og var góð mæting. Þar voru nefndafulltrúar að segja frá því hvað væri að gerast hjá hverri nefnd fyrir sig og einnig voru viðruð mál sem snerta allar nefndirnar m.a varðandi stöðu þeirra og tengsl við bæjaryfirvöld.

Hverfisnefnd fundaði einnig með bekkjarfulltrúum úr Lundarskóla fyrir vorhátíðina.

Formaður sótti 5 fundi formanna hverfisnefnda og voru 2 þeirra haldnir í Ráðhúsinu með fulltrúum bæjaryfirvalda og bæjarráðs. Á þessum fundum voru fjármál nefndanna og aðgengi þeirra að stjórnsýslunni mest til umræðu.

Formaður fundaði einnig með skólastjóra Lundarskóla í því skini að koma á samstarfi þessara aðila og fékk mjög góðar undirtektir.

Þrjú af varamönnum nefndarinnar munu ekki gefa kost á sér til setu áfram, þeir Aðalgeir Pálsson, Helgi Þorsteinsson og Hermann Haraldsson og við hin þökkum þeim fyrir samstarfið. Arnar Már Sigurðsson og Sigfús Karlsson hafa gefið kost á sér sem varamenn.

Ég vil að lokum þakka íbúum fyrir samstarf á árinu, sérstaklega voru ánægjuleg jákvæð viðbrögð við hverfishátíðinni og hreinsunaráttakinu sem margir komu að.

Ingibjörg Baldursdóttir, formaður hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis.